

Auður Ólafsdóttir (1934–2021)



Auður Ólafsdóttir, heiðursfélagi JÖRFÍ, lést í nóvember 2021, 87 ára gömul. Auður tók þátt í uppbyggingu Jöklarannsóknafélagsins á sjöunda áratug 20. aldar. Hún fór í sína fyrstu vorferð á Vatnajökul 1959 og var virk í félaginu alla tíð síðan, með þátttöku í ferðum og margvíslegu innra starfi, ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Bjarnasyni. Auður sá m.a. um dreifingu Jökuls í sex ár. Þegar Nýi skálinn var reistur í Jökulheimum vorið 1965 sáu Auður og Inga Árna um aðföng og matseld við frumstæðar aðstæður, báðar voru með börnin með sér. Auður lagði einnig sitt af mörkum þegar farið var með fullbúinn skála í Kverkfjöll vorið 1977 og í stóru ferðinni með Nýja skálann á Grímsfjall, vorið 1987. Þar kynntumst við. Auður hafði góða nærveru, róleg og elskuleg við alla. Hún var úti-

vistarkona og mikil skíðakona. Við Auður og Stefán fórum saman í eftirminnilega helgarferð með Garðari Briem, um vestanverðan Vatnajökul, vorið 2002, skoðuðum m.a. gosstöðvarnar frá 1998, undir Vestari-Svíahnjúk. Á meðan vorleiðangurinn var að koma sér niður Tungnaárjökul, skruppum við á Pálsfjall. Síðasta ferð Auðar á Grímsfjall var farin með öðrum heiðursfélögum í kjölfar vorferðar 2007, á fimmtugsafmæli Gamla skálans. Farið var um Grímsvötn í frábæru veðri með viðkomu á gosstöðvunum frá 2004. Margir þessarra félaga hafa kvatt síðan, þar á meðal Auður, sem við minnumst með virðingu og þakklæti fyrir góða viðkyrningu og störf í þágu félagsins.

Bryndís Brandsdóttir